

Fríverzlun Marshall-landanna



Erfiðleikar og úrræði.

Eftir ófriðinn vofði efnahagslegt hrun yfir flestum ríkjum Evrópu. Vandamálin voru margþætt og aðkallandi, svo að úrræðin urðu að vera skjótvirk og haldgóð. Orsakir erfiðleikanna verða ekki raktar hér, en almennt lýstu þeir sér í því, að iðnaðarframleiðslan hafði gengið saman, skortur var á matvælum, inneignir Evrópumanna í öðrum heimsálfum voru gengnar til þurrðar, möguleikar þeirra til þess að afla þjónustutekna þverrandi, vaxandi halli á viðskiptum við Bandaríkin og greiðslujöfnuður flestra ríkjanna úr skorðum. Þá var það, að Marshall-aðstoðin kom til sögunnar. Hlutverk hennar var tvíþætt, að bæta úr bráðri neyð og koma á fjórum árum fótum undir framleiðslu og viðskipti Evrópuríkjanna, þannig að þau gætu að þeim tíma loknum af eigin rammleik greitt úr erfiðleikum sínum og séð sér sjálf farborða. Lítilsgildir menn hafa viljað bregða Bandaríkjunum um, að eigingjarnar hvatir hafi gengið þeim til, er þeir buðu aðstoð sína. Það væri ómannlegt, ef Bandaríkin hefðu ekki við samningu tilboðs síns haft einhverja hliðsjón af eigin hag, og skyggir það á engan hátt á þá staðreynd, að Marshall-aðstoðin er veglegasta og stórfelldasta efnahagshjálp, sem nokkur þjóð hefur veitt öðrum þjóðum fyrr og síðar og mun af komandi kynslóðum verða minnzt með þakklæti, þegar allt smásálarlegt nart og nöldur miður velviljaðra manna verður löngu gleymt og grafið.

Frumskilyrði fyrir efnahagslegum afturbata var veruleg framleiðsluaukning. En til hennar þurfti mikinn innflutning á hráefnum frá Bandaríkjunum og öðrum handanhafs-löndum. Til þess að greiða innflutninginn þurfti svo

aukinn útflutning og auknar útflutningstekjur. En útflutning og verzlun milli landa yfirleitt var ekki hægt að auka, nema því aðeins að millilandagreiðslur væru auðveldaðar og utanríkisverzlunin gerð frjálsari. Heimsviðskiptin þurftu að verða frjálsari og sérstaklega þurfti að ryðja úr vegi viðskiptatálmunum milli Marshall-landanna innbyrðis, svo að þar myndaðist stór heima-markaður og verkaskipting þjóðanna fengi notið sín. Með fríverzluninni átti samkeppni í framleiðslu og verzlun að aukast og kostnaður að lækka, og ódugnaðurinn og óskynsamleg og þunglamaleg vinnubrögð haftastefnu og ríkisafskipta að hverfa.

Með beinum fjárframlögum, lánum og gjöfum, skyldi Marshall-aðstoðin bægja bráðum skorti frá bæjardyrum Evrópu og fá hjól framleiðslunnar til þess að snúast. Þetta var bráðabirgðalausnin. En Marshallsamtökin gerðu einnig ráð fyrir aðgerðum, sem miðuðu að fram-búðarlausn vandamála. Þær aðgerðir snertu aðallega greiðslufyrirkomulag og utanríkisviðskipti þjóðanna og áttu rætur sínar að rekja til þess viðskiptakerfis, sem nefnt hefur verið frjáls verzlun eða fríverzlun. — Það er einmitt um þessa starfsemi Marshall-samtakanna, sem hér mun verða farið nokkrum orðum.

Fríverzlun í áföngum.

Í stofnsamþykkt Marshall-samtakanna er lýst yfir þeim ásetningi þeirra, að greiða úr flækju gjaldeyrismálanna, lækka tollamúrana og losa um viðskiptahöftin milli þátttökuríkjanna. Þ. 16. okt. 1948 var fyrsti samningurinn um nýtt

greiðslukerfi undirritaður (Agreement for intra-European Payments and Compensations). Samningurinn átti að greiða fyrir viðskiptum milli þátttökuríkja, m. a. með hinum svokallaða ávísunarrétti (drawing rights), sem fól í sér framsal til þriðja ríkis á innistæðum, sem myndast hefðu í viðskiptum milli tveggja ríkja. Ísland er ekki beinn aðili að samningum þessum, heldur hefur réttindi og skyldur gagnvart þeim sem hluti af sterlingsvæðinu (innra). Samningur þessi hefur síðar verið aukinn og hefur vafalaust verið gagnlegur. Nú mun ráðgert að koma málum þessum í fastara horf og setja á laggirnar nýja stofnun til þess að afreikna viðskipti milli þátttökuríkja (European Clearing Union), sem greiða á fyrir, að mögulegt sé að nota gjaldeyristekjur af viðskiptum við eitt land til greiðslu á skuldum í öðru. Með þessu ættu myntir sambandsríkja að verða nokkurnveginn frjálst breytilegar innbyrðis, en það er einmitt frumskilyrðið fyrir frjálsri verzlun milli ríkja. Á miðju árinu 1949 var álitð, að framleiðslan hefði aukist svo og efnahagsþróuninni hefði í heild verið snúið það vel á veg, að af þeim ástæðum væri tímabært að taka millilandaviðskiptin til meðferðar og losa um verzlunarhöftin. Hinn 4. júlí 1949 samþykkti Marshall-stofnunin í París (O.E.E.C.), að þátttökuríkin skyldu smám saman afnema verzlunarhöftin sín í milli, þannig að verzlun þeirra væri orðin eins frjáls og mögulegt væri árið 1951. Þ. 2. nóvember 1949 ákváðu samtökin að stíga enn ákveðnara spor í sömu átt til þess að markinu yrði náð í tæka tíð. Þá var samþykkt, að sérhverju þátttökuríkja bæri að gefa friðsán innflutning (afnema kvóta) á 50% af öllum innflutningi (fyrirtækja) frá öðrum sambandsríkjum fyrir 15. des. 1949. Hlutfallstala þessi átti að miðast við innflutning frá nefndum ríkjum árið 1948, og átti innflutningur ekki aðeins að vera frjáls að hálfu frá hverju þátttökuríkja um sig, heldur einnig að vera 50% af hverjum vöruflokkanna fjögurra: matvælum, fóðurvörum, fullunnum vörum og hráefnum. Framkvæmd þessarar haftalausar verzlunar átti aðallega að ske í formi svokallaðra frílista. Þessi sambvækt um aukna fríverzlun var þó ekki skilyrðislaus, því að á samningnum var smuga (escape clause), sem aðilar geta smogið um ef þeir vilja fara hægar í sakirnar, vegna þess að greiðslujöfnuður þeirra væri enn svo úr jafnvægi, að

ekki væri talið fært að gera verzlunina svo frjálsa í einni svipan.

Nú eftir áramótin hefur enn verið gengið á lagið. Þ. 31. jan. s.l. var gerð samþykkt um að gefa 60% af viðskiptum milli Marshallríkja frjáls og að eftir 30. júní n. k. skyldi tekin ákvörðun um það, hvaða ráðstafanir gera þyrfti til þess að 75% af verzluninni mætti verða frjáls. Ákvarðanirnar frá 31. jan. eru þó háðar því, að búið verði að koma á viðunandi greiðslukerfi milli ríkja. Undir öllum kringumstæðum þurfa þau lönd, sem enn hafa einhver viðskiptahöft í lok ársins 1950, að gera efnahagsstofnuninni í París grein fyrir ástæðunum til þess, að þau hafa ekki verið afnumin og færa rök fyrir nauðsyn þeirra.

Frílistarnir.

Þátttökuríkin hafa brugðizt mjög misjafnlega við hinni nýju stefnu í verzlunarmálum. Er það ofur eðlilegt, sökum þess að þau voru ekki öll jafnvel við henni búin, gjaldeyrisaðstaða þeirra misjöfn og fyrri verzlunarstefna þeirra ólík. Fyrir suma aðilja þýddi hin nýja stefna algert fráhrarf frá þeirri stefnu, er þeir höfðu verið í á annan tug ára, hjá öðrum var þetta aðeins nýtt stig í þróun, sem búin var að hafa langan aðdraganda. Hin einstöku ríki hafa því gengið mjög mislangt í að gera verzlunina frjálsa og frílistar þeirra verið með ólíkum hætti. Fara hér á eftir tölur, sem sýna í hundraðshlutum, hvað mikinn hluta af heildarinnfl. þátttökuríkja hvert þeirra um sig hefur gefið frjálsan:

Austurríki	52%
Belgía	90%
Bretland	70%
Danmörk	33%
Frakkland	54%
Holland	90%
Írland	75%
Ítalía	54%
Noregur	53%
Sviss	84%
Svíþjóð	53%
V.-Þýskaland	58%

Tölur þessar eru ekki nákvæmar. Í sumum tilfellum tákna þær þann hundraðshluta, sem þegar hefur verið gefinn frjáls, en í öðrum er

meðtalinn sá hlutur, sem fyrirhugað er að gefa frjálsan á næstunni. Af þessari skýrslu má þó marka, að Holland og Belgía hafa gengið lengst til móts við óskir efnahagsstofnunarinnar, en Danir skemmst.

Mjög eru það sundurleitar vörur, sem eru á frílistum. Almenn er lítið af fullunnum vörum á þeim og sömuleiðis fáar af hinum þýðingarmeiri matvörum, en mest af hrávörum. Við lestur frílistanna, einkum þeirra þjóða, sem við gjaldeyriskort eiga að búa, kemur í ljós, að á þá hafa verið teknar: 1) vöruteg., sem framleiddar eru innanlands, en eru samkeppnisfærar við erlenda framleiðslu, 2) nauðsynjar, sem ekki eru framleiddar innanlands, en flytja verður inn svo til ótakmarkað, 3) vörur, sem lítið eða ekki eru notaðar í landinu, þótt innflutningur þeirra sé frjáls, 4) vörur, sem ríkið hefur einkainnflutning á, 5.) vörur, sem eru skammtaðar, 6) vörur, sem eru ónógar á heimsmarkaðinum og ekki fást nema að takmörkuðu leyti til kaups, þótt frjáls innflutningur sé á þeim og 7) vörur, sem eru tollverndaðar og ekki eru fluttar inn, þótt innflutningur sé frjáls á þeim. Hjá þeim þjóðum, sem eru gjaldeyrislega betur settar, hafa víðsýnni sjónarmið ráðið við samningu listanna.

Af þessu, sem að framan greinir, má marka, að verzlunin er langt frá því að vera raunverulega orðin frjáls, þótt saminn hafi verið frílisti yfir svo og svo margar vörutegundir. Tökum sem dæmi, að eitthvert ríki, þar sem innflutningi er svo hátt, að ríkisstjórnin er einkainnflutandi á öllum matvælum, setji kiöt á frílistann. Innflutningur á kiöti evkst þar ekki af þeim ástæðum, nema ríkisstjórnin ákveði jafnframt að auka kiötinnflutninginn. Annað dæmi: Eitthvert ríkianna vill auka innflutning á bómull og kolum og setur þessar vörur á frílista. Útflandið vill þá e. t. v. ekki auka sölu á bómull til viðkomandi ríkis, vegna þess að það vill heldur selja hana til lands, sem getur greitt hana í dollurum, og kolin vill framleiðslulandið að vísu selja, en á herra verði til útflutnings en til nota heima fyrir. Fleira mætti nefna, svo sem það, að eitt ríki setur öll efni til smiðrúðisgerðar á frílista, en heldur áfram skömmun á smiðrúði, svo að innflutningur hráefnanna eykst ekki.

Til viðbótar öllu þessu geta ríkisstjórnirnar svo dregið úr áhrifum frílistanna með tollahækkunum, með niðurgreiðslum til handa inn-

lendri framleiðslu og með tvöföldu gengi. Slíkar ráðstafanir myndu þó ekki líðast vítalaut. Flest ríkin eru aðilar hinna svonefndu GATT-samninga og tollahækkanirnar myndu brjóta í bága við þá. Tvöfalda gengið væri brot á samningnum um alþjóðagjaldeyrissjóðinn, sem sömu ríki eru og hluthafar í. Og að lokum gerir efnahagsstofnunin í París ráð fyrir, að þessháttar sniðganga við samninga kynni að verða reynd, og geta menn þá kært slík brot til hennar og hún knúð þátttökuríkin til þess að láta af öllum undanbrögðum.

Sumir frílistarnir eru takmarkaðir, þ. e. a. s. ná ekki til allra þátttökuríkja. Er það fullkomlega heimilt, ef rök þykja standa til þess. Eru það aðallega lönd með torfenginn gjaldeyri svonefndan sterkan gjaldeyri (hard currency), eins og Sviss, Belgía og Vestur-Þýskaland, þó í stöku tilfelli lönd eins og Ítalía með veikan gjaldeyri, sem ekki verða aðnjótandi frílistans.

Frjáls verzlun og full vinna.

Með frílista-tilrauninni hefur ef til vill verið brotð blað í verzlunarsögu Norðurálfunnar. Frá því í kreppunni miklu hefur haftastefnan verið uppistaðan í efnahagspólitík flestra ríkja í Evrópu, en nú eru í fyrsta sinn mynduð heildarsamtök, sem leggjast vilja á eitt um að brjóta skörð í haftamúrinn og láta viðskiptin finna sér frjálsari farveg. Eins og áður getur, koma þessi snöggu umskipti mjög mismunandi við hin einstöku ríki. Kemur þar tvennt til, fyrri efnahagsstefna og bygging þjóðarbúsins. Þau löndin, sem reka áætlunarbúskap, ríkisinnkaup á stórum vörflokkum, hafa flókin innfl. og gjaldeyrihöft og stranga skömmun, beita niðurgreiðslum, verðlagshömlum og öðrum margbrotnum ríkisafskiptum af atvinnulífínu, eiga erfitt með að aðhæfa sig hinu nýja viðhorfi. Sama gildir um lönd með viðkvæma búskapargerð, t. d. þau, sem byggt hafa upp margskonar verndaðan neyzluðnað á kreppuárunum, eða hin, sem þanið hafa út landbúnað sinn til matfanga á ófriðarárunum, og ekki sízt þau ríkin, sem með hálfkaraðri þjóðnýtingu eða ofhraða í félagsmálaþróun sinni hafa markað snögga bletti á búskaparstarfsemi sína. Þessi ríki horfa með hálfum hug fram á að láta af beinum ríkisafskiptum á millilandaverzluninni og að lögmálum viðskiptanna sé gefinn lausari taumurinn;

enda skal því ekki neitað, að slík umbylting verður víða ekki vandalaus.

Fyrsta viðbragð þeirra ríkja, sem svo er ástatt fyrir, sem hér greinir, hefur enda sumstaðar verið tregt og varfærið og jafnvel á stöku stað snúizt í varnaraðstöðu. Mörg dönsk blöð hafa t. d. ekki farið dult með það, að jafnaðarmannastjórnin danska hafi orðið að taka upp frílistastefnuna gegn vilja sínum. Norðmenn hafa notfært sér smuguna á samningnum. Þjóðverjar og Frakkar hafa hækkað tolla sína, og Bretar hafa þrázt við að fara nema ferð í áttina til frjálsari gjaldeyrisverzlunar.

Það, sem mestan ugg vekur hjá þessum þjóðum, ef sleppt er öllum fræðilegum fordómum og blíndri trú á ákveðin efnahagskerfi, svo sem áætlunarbúskap eða þjóðnýtingu, er óttinn við atvinnuleysi og greiðslujafnaðarvandráði, og er þó víðast hvortveggja samtvinnað. Menn segja sem svo: Ef viðskiptin eru gefin frjáls, eykst samkeppnin á innanlandsmarkaðinum, atvinnuvegir og greinar leggjast niður, og atvinnuleysið heldur innreið sína. Ef gjaldeyrisverzlunin verður frjáls, verður að taka upp nýja peninga- og fjármálapólitík til þess að takmarka neyðluna og koma greiðslujöfnuðinum í jafnvægi, og sú stefna hlýtur að orsaka atvinnuleysi.

Það orkar ekki tvímælis, að þetta eru rök, sem gera verður skil, því að fyrsta takmark flestra ábyrgra stjórnmalamanna er, að þegar þjóðfélagsins hafi viðunandi vinnumöguleika. Hitt er svo annað mál, að atvinnupólitík sú, sem víða hefur verið rekin, hefur yfirþennt vinnumarkaðinn og verðbólgan, sem af því hefur hlotizt og af hinni almennu tekiuiöfnunarstefnu, hafa þrýst miög á aukinn innflutning á neyðlunum og komið greiðsluiöfnuðnum úr jafnvægi. Það er því víðbúið, að ýms ríki þurfi að lagfæra gengi gjaldeyris síns um leið og þau gera verzlunina frjálsari. Þótt það verði ekki sársaukalaust að flýta vinnuaflið úr einni atvinnuörein í aðra, þá er ekki bein ástæða til þess að ætla, að þau sár græðist ekki, þótt af hlytist minnkandi vinna um stund.

Norski hagfræðingurinn Ragnar Frisch hefur bent á, að til þess að þessar aðferðir, sem stefna að frjálsari verzlun, heppnist, þurfi að tryggja þrennt:

- 1). að áfram verði nokkurnvegin full vinna í löndunum,

- 2.) stöðug, mikil utanríkisverzlun og greiðslujöfnuðir í sæmilegu jafnvægi.

- 3.) möguleikar fyrir ríkisvaldið að grípa inn í þróunina, ef neyðarástand skyldi skapast.


Aðalverkefni viðkomandi ríkja verður því að finna það jafnvægisástand búskaparstarfseminnar, sem sameinar best sem frjálsasta verzlun og næga atvinnu, og þá um leið þannig, að greiðslur milli landa séu í jafnvægi. Því að ef atvinnupólitíkin er rekin á kostnað viðskiptafrelsisins, versna lífskjörin, þá er jafnað niður á við, en ef verzlunarpólitíkin er rekin á kostnað atvinnunnar, lætur atvinnuleysið til sín segja og þá er mismunað upp á við.

Afstaða Íslands.

Í grein um Marshall-löndin og frílistana, sem birtist í tímaritinu „Svensk Utenrikshandel“ (31. jan. 1950): er þessi klausa: „Ísland er undantekning. Það land hefur nefnilega tilkynnt, að það hafi ekki séð sér fært, að setja neinn hluta innflutningsins á frílista.“ Þetta er því miður rétt. Ísland hefur sennilega allra landa mesta þörf fyrir frjálsa milliríkjaverzlun, sökum þess hve afkoma landsmanna er háð mikilli utanríkisverzlun, en þó hefur ríkisstjórnin, vegna skorts á jafnvægi þjóðarbúskaparins, ekki árátt að losa um verzlunarhömlurnar. Hefur því verið lýst vífir við efnahagsstofnunina í París, að Íslendingar treystust ekki til þess að fara inn á braut frílistanna, nema eftirtalin skilyrði séu fyrir hendi: 1.) Að almennu jafnvægi í efnahagskerfi landsins hafi verið náð, 2.) Að bankarnir hafi safnað verulegri gjaldeyrisseign. 3.) Að önnur þátttökuríki slaki á innflutningshöftum á íslenskum afurðum. 4.) Að önnur þátttökuríki komi á fót almennum gjaldeyrisrískiptum sín í milli. Íslensk stjórnarvöld telja, að ekkert þessara skilyrða sé að svo stöddu uppfyllt, en hafa gefið vilýrði um að vinna að því eftir getu, að koma því til vegar, að svo megi verða innan tíðar.

Án tillits til gjaldeyrisörðugleika Íslands er auðvitað mjög erfitt fyrir land, sem hefur í raun og veru aðeins eina útflutningsvöru að hverfa með öllu að frílistastefnunni, nema tryggt sé, að önnur þátttökuríki frílistakerfisins rýmki að sama skapi innflutning sinn á fiski.

Framh. á bls. 65.



Pétur M. Bjarnarson kaupmaður í Reykjavík andaðist á heimili sínu 14. marz þ. á., 83 ára að aldri.

Pétur var fæddur á Ísafirði 3. júní 1866, og voru foreldrar hans Stefán sýslumaður Bjarnarson og Karen Bjarnarson kona hans, f. Jørgensen. Hann átti sjö systkin, og er nú allur sá hópur horfinn úr heimi héðan. Pétur ólst upp í föðugarði, en á ungdómsárum sínum leitaði hann verzlunarfræðslu erlendis, því hugur hans snerist snemma á þá sveifina. Eftir heimkomuna stofnsetti hann, ásamt Sigfúsi bróður sínum, verzlun á Ísafirði, en síðar varð hann einkaeigandi hennar.




Pétur stóð fyrir mörgum þörfum framkvæmdum um dagana. Hann var helzti hvatamaður að stofnun hvalveiðifélags vestra, stofnsetti með fleirum niðursuðuverksmiðju á Ísafirði upp úr aldamótunum, og var það fyrsta verksmiðja þeirrar tegundar hérlandis. Veitti hann henni forstöðu. Þá hélt hann úti bátakerðum til póst- og mannflutninga bæði vestan lands og norðan, við Breiðafjörð, Ísafjarðardiúp, á Húnaflóa og Evjafirði. Bátur Péturs var fyrsti flóahátur á Breiðafirði. — Árið 1913 fluttist svo Pétur til Revkjavíkur og hafði þar höfustu síðan. Þar rak hann heildsverzlun, niðursuðuverksm., kaffibrennslu og kaffibætisgerð, sem er fyrsta slík gerð okkar Íslendinga. Smásöluv. starfræktir hann einnig um nokkurt skeið.

Þetta er frækilegur athafnaferill. Pétur sótti alltaf fram á við í hug og starfi, alltaf herra á brattann, enda fór sem fór, að honum auðnaðist að vinna brautryðiendastörf á ýmsa vísu, eins og framanskrað ber með sér. Áræðni, biartsýni og forsiálni var sem mærgur í heinum hans; elian var lífæðin. Hann var hreinn og flærðarlaus í orðum, traustur í vinfengi, reifur í vinahóp, rausnarlegur og hlýr heim að sækja. Seinni æviárin var hann efnður maður.

Pétur M. Bjarnarson var jafn nýtur been gamla og nýja tímans. Hann tók fegins hendi öllum framförum og nýjunum og hafði óbilandi trú á einstaklingsframtakinu. Hann var traustur stólpi brórarinnar milli naumlátrar fortíðar og forríkrar nútíðar. Að vísu höfum við átt marga slíka menn, en það hrikur í kjörviðum hverju sinni, er þeir hníga að velli. Það er að heim eftirsíón.

Kona Péturs. Sophy f. Jensen, lifir mann sinn. Þeim hjónum varð ekki barna auðið.



Innanbúðar og utan.

Framh. af bls. 63.

Skýtur hér óneitanlega skökku við, þegar landsmenn verða að víkja úr sæti fyrir aðkomumönnum.

Sjálfsagt var að veita útlandingum atvinnuleyfi hér, þegar þörf var fyrir þá, en þegar skórin kreppir að, verða þeir að setta sig við, að Íslendingar gangi fyrir um atvinnu. Þetta sjónarmið verður alþingi og ríkisvaldið að hafa í huga, og fara varlega í veitingu ríkisborgararéttarins. Árlega útskrifast fjöldinn allur af ungu fólki úr Verzlunarskólanum og öðrum framhaldsskólum, sem leitar út í verzlunar- og skrifstofustörf. Þessu fólki verðum við einnig að sjá farboða, áður en við veitum útlandingum atvinnuleyfi hér á landi.

Hér hefur aðeins verið minnst á það, sem að verzlunarstéttinni snýr, en það sama gildir auðvitað um aðrar atvinnugreinar.

Fríverzlun Marshall-landanna.

Framh. af bls. 56.

Nú ber því ekki að neita, að nokkur þátttökuríkjanna hafa þegar sett sumar íslenskar útflutningsvörur á frílista. Má þar m. a. nefna, að Austurríkismenn hafa gefið frjálsan innflutning á fiski, Bretar á þorskalýsi, Grikkir á saltfiski og reyktri síld, Ítalir á saltfiski, Norðmenn á fiski, nýjum og söltuðum, og þorska- og síldarlýsi. og Portúgalar á nýjum, frystum og söltuðum þorski. Svo að óneitanlega ætti Íslendingum því nú þegar að vera nokkurt hagræði af frílistastefnunni, enda þótt þeir hafi enn sem komið er ekki gerzt beinir aðiljar hennar, og veigamestu markaðslönd okkar hafi heldur ekki enn gert fiskinnflutninginn frjálsan.

Hvað sem öllu framansögðu líður, ættum við Íslendingar strax að gera okkur ljóst, að þótt viðbáru þær, sem við höfum fært fram gegn því að taka upp frílistastefnu, erfiðleikar, sem við erum fjarri því að vera einir um, séu viðurkenndir af efnahagsstofnuninni í París og við látnir njóta smæðar okkar, þá fría þær okkur ekki til lengdar við því að horfast í augu við lögmál þróunarinnar. Þróunin í heimsviðskiptunum virðist ótvírætt vera í áttina til friðsari verzlunar, og ef svo er, þurfum við ekki að halda, að við getum einangrað okkur og siglt gegn straumnum. Við ættum því af öllum mætti til eigin haðsbóta að reyna að búa okkur undir að gera verzlunina frjálsari, svo fljótt sem unnt er.

Birgir Kjarran.